



Starfsheiti:

Deild Kennsluráðgjafi í upplýsingatækni	Svið Menntasvið
Næsti yfirmaður Deildarstjóri grunnskóladeildar/verkefnastjóri	Undirmenn (ef við á) Engir

Lýsing á starfi

Kennsluráðgjafi í upplýsingatækni vinnur að kennslufræðilegri og tæknilegri ráðgjöf við kennara í grunnskólum Kópavogs í tengslum við innleiðingu spjaldtölva í kennslu og skólastarfi. Hann sinnir jafnframt fræðslu við kennara og stuðlar að framförum og nýbreytni í notkun upplýsingatækni í skólastarfi. Kennsluráðgjafi vinnur í teymi þriggja ráðgjafa sem ráðnir eru við grunnskóla Kópavogs og eiga náið samstarf við skólastjórnendur, verkefnisstjóra innleiðingar spjaldtölva, starfsmenn grunnskóladeildar og upplýsingatæknideild.

Kennsluráðgjafar vinna undir stjórn verkefnastjóra á upplýsingatæknideild meðan á innleiðingu spjaldtölva stendur að henni lokinni heyra þeir stjórnunarlega undir deildarstjóra grunnskóladeildar, en vinna undir daglegri stjórn skólastjóra viðkomandi skóla.

Helstu verkefni

- Ráðgjöf og umsjón með því að skólar setji sér kennslufræðilegar áætlanir um notkun upplýsingatækni í kennslu, námi og skólastarfi.
- Móta og vinna leiðbeiningar yfir aðferðir sem nota má við nám og kennslu, í samvinnu við kennara og skólastjórnendur.
- Umsjón með því að kennarar fái nauðsynlega kennslu og aðstoð við að nýta sér ný verkefni og nýjar aðferðir í kennslu.
- Efling tölvu- og upplýsingatækni í almennu skólastarfi með ráðgjöf við skólanámskráargerð og skipulag kennsluáætlana.
- Að fylgjast með þróun kennsluhugbúnaðar m.t.t. kennslufræði og kynna nýjungar á því sviði
- Þátttaka í mati á þörf fyrir vél- og hugbúnað, viðhald og uppfærslur á neti og vinnustöðvum.
- Umsjón með gerð og framkvæmd sí- og endurmenntunaráætlana kennara vegna þróunar upplýsingatækni í námi og kennslu.
- Umsjón með innri og ytri kynningum og upplýsingamiðlun til starfsmanna, nemenda og foreldra varðandi verkefni og þróun á sviði upplýsingatækni í skólastarfi.
- Ráðgjöf og stuðningur við einstaka kennara og verkefni þeim tengd.
- Eftirfylgni með þróunarverkefnum á sviði upplýsingatækni í grunnskólum.
- Önnur þau verkefni sem næsti yfirmaður felur honum

Menntunar- og hæfniskröfur

- Kennsluréttindi og kennslureynsla á grunnskólastigi skilyrði
- Þekking og reynsla af notkun upplýsingatækni í skólastarfi skilyrði
- Framhaldsmenntun á sviði upplýsingatækni æskileg
- Forystuhæfileikar og samskiptahæfni
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi



Ábyrgðarsvið

- Kennsluráðgjafi ber ábyrgð á að skipuleggja ráðgjöf og fræðslu í þrem grunnskólum í Kópavogi í nánu samstarfi við stjórnendur og kennara í viðkomandi skólum.
- Kennsluráðgjafi í upplýsingastækni ber ábyrgð á að ráðgjöf í skólunum sé í samræmi við stefnu skólanna og stefnumótun Kópavogsbæjar í upplýsinga- og tæknimennt.

Annað

- Gera skal ráð fyrir að starfslýsing verði yfirfarin og endurskoðuð í tengslum við starfsmannasamtal.
- Starfslýsing er ekki tæmandi upptalning á verkefnum starfsmanns. Starfsmaður vinnur önnur verkefni sem yfirmaður felur honum og falla að hans starfssviði.

Kópavogur, xx. xx . xx__

Sviðsstjóri

Yfirmaður